

3. gr.

178

Auglýsing þessi öðlist gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, 30. sept. sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

179

1. okt.

um breyting á reglugerð nr. 53 7. marz 1945, um gjöld til utanríkisráðuneytisins.

1. gr.

Fyrir embættisverk þau, sem framkvæmd eru í utanríkisráðuneytinu eða af fulltrúum þess erlendis, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá reglugerðar nr. 53 7. marz 1945 með 100% viðauka.

Þó skulu gjöld þau, sem ákvörðuð eru sem ákveðinn hundradshluti (prósenta) af upphæð haldast óbreytt.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1954.

Utanríkisráðuneytið, 1. október 1953.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

GJALDSKRÁ

180

1. okt.

fyrir Rafveitu Eyrarsveitar.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarsveitar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Til lýsingar.

Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst. fyrir alla notkun á heimilinu, auk fasta-gjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði á hvert íbúðarherbergi. Til íbúðarherbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, bað-herbergi, þvottahús eða geymslur.

Herbergi, sem er minna en 6 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Til vélareksturs.

Um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst. Sé notkunartími vélanna mjög stuttur, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.